

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2166

2024/EES/11/11

frá 17. desember 2020

## um að ákvarða uppboðshlutdeild aðildarríkja í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tímabilinu 2021–2030

(tilkynnt með númeri C(2020) 8945) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 3. gr. d og 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar uppboð á losunarheimildum var 2. mgr. 10. gr. og II. viðauka a við tilskipun 2003/87/EB breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 <sup>(2)</sup> fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2021. Í samræmi við a-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er 90% af heildarfjölda losunarheimilda sem gefinn er út skv. III. kafla tilskipunar 2003/87/EB („almennar losunarheimildir“) sem verða boðnar upp skipt á milli aðildarríkja samkvæmt hlutdeild sem samsvarar hlutdeild af sannprófaðri losun samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrir 2005 eða meðaltalinu fyrir tímabilið 2005 til 2007, hvort heldur er hærra. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er þeim 10% sem eftir eru af heildarfjölda þeirra almennu losunarheimilda sem verða boðnar upp skipt milli tiltekinnna aðildarríkja í því skyni að efla samstöðu, vöxt og gagnkvæm tengsl innan Sambandsins og auka með því fjölda losunarheimilda sem þau aðildarríki bjóða upp eftir hundradshlutum sem eru tilgreindir í II. viðauka a við tilskipun 2003/87/EB.
- 2) Samningurinn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu <sup>(3)</sup> öðlaðist gildi 1. febrúar 2020. Að auki gildir bókunin um Írland/Norður-Írland við samninginn frá og með lokum aðlögunartímabilsins sem fastsett var með 126. gr. samningsins. Fastsetja ætti uppboðshlutdeild aðildarríkja til að taka tillit til útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og bóunarinnar um Írland/Norður-Írland.
- 3) Hlutdeild aðildarríkja af almennum losunarheimildum skv. a-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB á tímabilinu 2021–2030 er ákvörðuð á grundvelli sömu gagna og voru notuð fyrir tímabilið 2013–2020, að undanskildum leiðréttingum sem gerðar voru á sannprófaðri losun aðildarríkja fyrir 2005 eða meðaltal tímabilsins frá 2005 til 2007, sem voru færð í skrá Sambandsins og aðgengileg í viðskiptadagbók Evrópusambandsins (EUTL) frá og með 30. júní 2020 <sup>(4)</sup>. Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 <sup>(5)</sup> er altæk, samræmd, gagnsæ og nákvæm vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda grundvallaratriði fyrir skilvirkan rekstur kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Því þykir rétt að nota nýjustu gögnin sem voru færð í skrá Sambandsins og eru aðgengileg í viðskiptadagbók Evrópusambandsins til að ákvarða uppboðshlutdeild aðildarríkja af almennum losunarheimildum. Samkvæmt 6. mgr. 35. gr. reglugerðar

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 431, 21.12.2020, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 393/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

<sup>(3)</sup> Samningur um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (Stjtið. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7).

<sup>(4)</sup> Ares(2020)4979599.

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 <sup>(6)</sup> má leiðrétta árlega sannprófaða losun fyrir stöð eða flugrekanda í skrá Sambandsins afturvirktil til að tryggja að farið sé að 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Frá árinu 2012 hafa slíkar leiðréttingar á sannprófaðri losun verið gerðar á tímabilinu frá 2005 til 2007 þar eð rekstraraðilar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skráðu nákvæmari gögn sem eru nú aðgengileg í viðskiptadagbók Evrópusambandsins.

- 4) Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB ætti fjöldi losunarheimilda sem gefinn er út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB („losunarheimildir vegna flugs“) sem hvert aðildarríki skal bjóða upp vera í réttu hlutfalli við hlutdeild aðildarríkisins í heildarlosun sem rakin er til flugstarfsemi fyrir öll aðildarríkin fyrir viðmiðunarárið. Fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 er viðeigandi viðmiðunarár 2018 og viðeigandi umfang það sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 <sup>(7)</sup>. Framkvæmdastjórnin safnaði gögnum um losun frá flugstarfsemi árið 2018 frá Evrópustofnuninni um öryggi flugleiðsögu til að fastsetja uppboðshlutdeild aðildarríkja af losunarheimildum vegna flugs.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Uppboðshlutdeild aðildarríkja fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 sem um getur í 3. mgr. 3. gr. d og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er sett fram í viðaukunum við þessa ákvörðun sem hér segir:

- a) I. viðauki: Uppboðshlutdeild aðildarríkja af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. III. kafla tilskipunar 2003/87/EB.
- b) II. viðauki: Uppboðshlutdeild aðildarríkja af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frans TIMMERMANS

*stjórnandi varaforseti*

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtið. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 frá 13. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að viðhalda núverandi takmörkunum á umfangi flugstarfsemi og til að undirbúa framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar frá 2021 (Stjtið. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 7).

## I. VIÐAUKI

## Uppboðshlutdeild af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. III. kafla tilskipunar 2003/87/EB

Ríki	Uppboðshlutdeild
Austurríki	1,549511512%
Belgía	2,570508102%
Búlgaría	2,683627316%
Króatía	0,519852619%
Kýpur	0,287177271%
Tékkland	5,021898139%
Danmörk	1,394176362%
Eistland	0,853364580%
Finnland	1,861257204%
Frakkland	6,094561928%
Þýskaland	22,290594909%
Grikkland	3,815882431%
Ungverjaland	1,526557204%
Ísland	0,043450983%
Írland	1,041937115%
Ítalía	10,521550682%
Lettland	0,200953534%
Liechtenstein	0,000972381%
Litáen (Lietuva)	0,433065735%
Lúxemborg	0,122010786%
Malta	0,111715994%
Holland (Niðurland)	3,730700676%
Noregur	0,865251836%
Pólland	13,000319671%
Portúgal	1,933850872%
Rúmenía	4,767806687%
Slóvakía	1,602124134%
Slóvenía	0,485701471%
Spánn	9,519452381%
Svíþjóð	0,904220479%
Bretland – Norður-Írland	0,245945006%

## II. VIÐAUKI

## Uppboðshlutdeild af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB

Ríki	Uppboðshlutdeild
Austurríki	2,124352274%
Belgía	2,884043556%
Búlgaría	0,962095516%
Króatía	0,770787777%
Kýpur	0,698769072%
Tékkland	1,021630732%
Danmörk	2,589242238%
Eistland	0,269340406%
Finnland	2,141104211%
Frakkland	11,28357633%
Þýskaland	15,85911782%
Grikkland	5,222468391%
Ungverjaland	0,97207424%
Ísland	0,912691877%
Írland	1,928162337%
Ítalía	12,29799421%
Lettland	0,542686113%
Litáen (Lietuva)	0,441761613%
Lúxemborg	0,354887922%
Malta	0,599063928%
Holland (Niðurland)	4,288464549%
Noregur	4,219779278%
Pólland	2,95885866%
Portúgal	3,885085782%
Rúmenía	1,861835804%
Slóvakía	0,15910511%
Slóvenía	0,128561379%
Spánn	14,8981547%
Svíþjóð	3,724304171%